

Nokkur orð um nornir

Í flestum ævintýrum eru nornir venjulega með furðulega svarta hatta, klæðast svörtum skikkjum og fljúga um á kútsköftum.

En þetta er ekki ævintýri. Þetta er saga um ALVÖRU NORNIR.

Ég ætla nú að segja þér hvað einkennir ALVÖRU NORNIR. Þetta eru mjög mikilvæg atriði. Leggðu vel við hlustir. Þú mátt aldrei gleyma þessum orðum.

ALVÖRU NORNIR klæðast venjulegum fötum og líta út eins og venjulegar konur. Þær búa í venjulegum húsum og vinna VENJULEGA VINNU.

Þess vegna er svo erfitt að þekkja nornirnar úr.

ALVÖRU NORN hatar börn af öllum sálarkröftum, það er ekki einu sinni hægt að ímynda sér hversu mikið norn hatar börn.

ALVÖRU NORN eyðir miklum tíma í að finna út hvernig hún getur losnað við öll börnin umhverfis sig. Hún einbeir sér að því að búa til áætlanir sem miða allar að því að láta börn hverfa, eitt og eitt í einu. Norn getur ekki hugsað um neitt annað. Hún er alltaf að pæla og plana og hræra og bæra og hnussa og fussa, með einstaklega blóðþyrstum brotavilja, meira að segja þegar hún er að vinna á kassanum í matvöruversluninni eða að skrifa viðskiptabréf í innflutningsfyrirtækinu eða þegar hún keyrir um á einhverjum eðalvagni (já nornir vinna við ólíkustu störf).

„Hvaða barn?“ spyr hún sjálfa sig daglangt, „hvaða barn ætti ég að velja næst?“

ALVÖRU NORN nýtur þess að velja sér fórnarlamb, jafnmikið og þú nýtur þess að borða fersk jarðarber með rjóma.

Markmið hennar er að ná einu barni á viku. Ef það verður svo eitthvað minna fer hún í vont skap.

Eitt barn á viku gerir 52 á ári.

Kreista þau og kremja og láta þau hverfa.

Þetta eru einkunnarorð allra norna.

Norn velur fórnarlömb sín af mikilli nákvæmni. Síðan laumast hún á eftir vesalings fórnarlambinu eins og veiðimaður í skógi á eftir fugli. Hún læðist. Hún laumast. Hún kemur nær og nær. Og skyndilega þegar hún er tilbúin: ... *hvissss!* ... og hún gerir áhlaup! Neistar skjótast. Eldtungur hefjast á loft. Olía sýður. Rottur góla. Húð skorpnar. Og barnið gufar upp.



Þú verður að skilja að norn danglar ekki í hausinn á börnum eða otar að þeim hnífi eða skýtur þau með skammbyssu. Lögreglan sér um þá sem gera sig seka um slík afbrot.

Aldrei hefur tekist að góma norn. Ekki má gleyma því að hún er með töfra í fingrunum og djöfulgang í blóðinu. Hún getur látið steina hoppa eins og froska og eldtungur flökta um á vatni.

Svona seiðmagn er skelfilegt.

Sem betur fer er ekki mikið um ALVÖRU NORNIR í heiminum í dag. En samt eru alveg nógu margar til að gera mann dauðhræddan. Líklega eru eitthvað um eitthundrað nornir alls í Englandi. Í sumum löndum eru fleiri nornir og í öðrum löndum eru færri. Ekkert land í heiminum er þó alveg laust við NORNIR.

Nornir eru alltaf kvenkyns.

Ég meina ekkert illt um konur þegar ég segi þetta. Flestar konur eru indælar. Engu að síður eru allar nornir kvenkyns. Karlkyns norn er ekki til.

Seiðskrattar eru hins vegar alltaf karlkyns. Því er líka svo farið um risa. Þessir skrattakollar eru hættulegir. En enginn er jafn hættulegur og ALVÖRU NORN.

Af öllum skepnum í heiminum er ALVÖRU NORN sú allra hættulegasta ógn sem steðjar að börnum. Það sem gerir hana svo einstaklega skæða er sú staðreynd að hún *lítur* ekki út fyrir að vera hættuleg. Meira að segja þegar þú hefur komist að öllum leyndarmálum nornanna (þú færð að heyra um þau á eftir) getur þú ekki verið viss í þinni sök hvort um sé að ræða

vingjarnlega konu eða norn. Ef tígrisdýr gæti breytt sér í stóran hund með dillandi rófu, færir þú líklega til hans og klappaðir honum. Og það væri líka það síðasta sem sæist til þín. Sama á við um nornir. Þær líta allar út fyrir að vera vingjarnlegar.

Viltu vinsamlega skoða myndina hér fyrir neðan. Hvor kvennanna er norn? Þetta er erfið spurning en engu að síður ætti hvert barn að reyna að hafa svar við henni á reiðum höndum.



Ekki er ólíklegt að norn búi í næsta húsi við þig.

Eða að fagureygða konan sem sat á móti þér í strætó í morgun hafi verið norn.

Kannski var hún norn, konan með fallega brosið sem bauð þér sælgæti úr poka úti á götu í morgun.

Hún gæti meira að segja – og nú verðurðu hissa – hún gæti meira að segja verið yndislegi kennarinn þinn sem er að lesa þessi orð einmitt núna. Virtu hana vel fyrir þér. Hún er kannski að brosa yfir því hversu fráleit þessi kenning er. Láttu það ekki villa um fyrir þér. Einmitt þannig birtist snilld hennar.

Ég er auðvitað ekki að halda því fram eitt andartak að kennarinn þinn sé raunveruleg norn. Ég er bara að segja að hún gæti mögulega verið norn. Sem er afar ólíklegt. En – og þetta er svo mikilvægt „en“ – það er ekki ómögulegt.

Æ, ef bara væri hægt að segja auðveldlega til um það hvort kona er norn eða ekki, þá gætum við safnað þeim saman og hent þeim í hakkavélina. En því miður, það er ekki hægt að segja til um það. En samt er hellingur af litlum vísbendingum sem þú þarft að átta þig á, skrýtnir kækir sem allar nornir eiga sameiginlega og ef þú veist hvaða kæki er um að ræða, ef þú manst að leita alltaf eftir þeim, áttu góðan möguleika á að sleppa undan því að verða kreistur og kraminn áður en þú nærð því að verða eldri.